

Leikskólinn Strandheimar
Brimver á Eyrarbakka
Æskukot á Stokkseyri

Strandheimar - Skóli á grænni grein

Greinargerð með umsókn um Grænfánann
7. júní 2022



Verkefnisstjóri: Sjöfn Þórarinsdóttir og Katrín Vilhjálmisdóttir
Ábyrgðarmaður: Birna Guðrún Jónsdóttir leikskólastjóri

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur	3
Umhverfisnefnd.....	4
Mat á stöðu umhverfismála	6
Áætlun um aðgerðir og markmið	6
Eftirlit og endurmat	8
Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá	8
Kynning á stefnunni.....	12
Umhverfissáttmálinn.....	13
Lokaorð.....	14
Fylgiskjal I - Sýnishorn af fundargerðum	15

Inngangur

Leikskólinn Strandheimar hefur verið starfræktur í núverandi mynd frá haustinu 2011 þegar fræðslunefnd Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti að sameina leikskólana Æskukot á Stokkseyri og Brimver á Eyrarbakka í einn undir nafninu Heilsuleikskólinn Brimver/Æskukot. Í vor var haldin nafnasamkeppni og Heilsuleikskólinn Brimver/Æskukot varð að Leikskólanum Strandheimum sem áfram skiptist í tvær starfsstöðvar, Brimver og Æskukot. Á Æskukoti er pláss fyrir 32-35 nemendur og á Brimveri einnig, samtals er því pláss fyrir á bilinu 64-70 nemendur í leikskólanum. Báðar starfsstöðvar eru með nemendur frá því þeir eru á öðru aldursári fram að útskrift þegar þau eru á sjötta aldursári. Í vor var tekin ákvörðun um að leikskólinn myndi hætta í samtökum Heilsuleikskóla eftir margra ára farsælt starf sem slíkur. Strandheimar ætla áfram að taka þátt í Grænánaverkefninu á vegum Landverndar og vera *Skóli á grænni grein* og að auki er innleiðing á verkefni Landlæknisembættisins *Heilsueflandi leikskóli* í fullum gangi. Við teljum að þessi tvö verkefni tali mjög vel saman og vinnum að samræmingu þeirra í starfi okkar. Leikskólastjóri Strandheima er Birna Guðrún Jónsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri Tinna Björg Kristinsdóttir.

Við Strandheima starfa í vetur 25 starfsmenn í mismunandi stöðugildum. Árið 2009, 30. júní hófst ferðalagið í áttina að Grænánanum þegar Leikskólinn Æskukot á Stokkseyri (áður Leikskólinn Ós) sótti um að verða *Skóli á grænni grein*. Síðan þá hefur ýmislegt breyst, meðal annars með sameiningu leikskólanna á ströndinni (Eyrarbakka og Stokkseyri). Frá því að leikskólinn skráði sig til leiks hefur hann fengið Grænánann afhentan alls fimm sinnum, árin 2010, 2012, 2016, 2018 og 2020.

Síðastliðin tvö ár hafa tveir fulltrúar starfsmanna leikskólans verið verkefnastjórar Grænánaverkefnisins, hvor sitt skólaárið, og hafa þær stýrt verkefnavinnu í starfsstöðvunum þar sem unnið hefur verið þemun *átthagar og landslag* annars vegar og *vatn* hins vegar. Verkefnastjóri árið 2020-2021 var Sjöfn Þórarinsdóttir, tómstunda- og félagsmálafræðingur, en hún fór í árs námsleyfi og tók Katrín Vilhjálmsdóttir starfsmaður á eldri deild því við keflinu veturinn 2021-2022. Sátu þær reglulega

deildarstjórafundi, eftir því sem Covid-19 leyfði, sem og deildarfundi til þess að kynna og ræða um áherslur þema Grænfánaverkefnisins. Verkefnið tengist lífsleikninámi barnanna þar sem áhersla er lögð á þátttöku og ábyrgð með því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, náttúru og umhverfi.

Innleiðing Grænfánans hefur haft áhrif til aukinnar samvinnu og samstarfs í leikskólanum og þá sérstaklega á milli elstu árganga leikskólans sem hafa notað tækifærið og haldið umhverfisnefndarfundi leikskólans í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES). Á tímum covid-19 féllu þær ferðir í BES þó niður en tæknin kom okkur til bjargar og voru fundir haldnir með vissu millibili á Teams. Samvinna starfsfólks á milli hefur aukist með þátttöku í Grænfánaverkefninu. Með því að óska eftir aðild að verkefninu *Skóli á grænni grein* hafa kennarar getað leitað eftir stuðningi og ráðleggingum frá Landvernd ásamt því að hafa aðgang að verkefnakistu inni á heimasíðu Grænfánans: <https://landvernd.is/graenfaninn/>

Umhverfisnefnd

Fundir umhverfisnefndar hafa eins og fram hefur komið verið haldnir í BES í reglulegum heimsóknum elstu barna leikskólans þangað. Markmiðið með þeim heimsóknum er að nemendur í Strandheimum fái tækifæri til að hittast og kynnast innbyrðis sem og að stuðla að öryggi þeirra og sjálfstrausti þegar kemur að flutningi þeirra á milli skólastiga. Elstu börn leikskólans efla félagstengsl sín á milli og þannig myndast vinátta þeirra á milli. Heimsóknirnar stuðla enn fremur að auknum tækifærum fyrir starfsfólk leik- og grunnskólans til að hittast og bæta við þekkingu og skilning á starfi skólastiganna.

Miklir möguleikar liggja í þessari samvinnu við BES og erum við þakklát fyrir það góða samstarf sem ríkir okkar á milli. Því miður hefur ekki verið mikið um heimsóknir í BES síðast liðin tvö ár, bæði vegna Covid-19 sem og breyttra utanaðkomandi ástæðna. En ýmsar hugmyndir eru uppi til að finna leiðir til að efla samstarfið aftur og þá jafnvel með öðru sniði.

Í umhverfisnefnd leikskólans eru elstu nemendur hans, samtals 11 börn sem fædd eru árið 2016, ásamt verkefnastjóra, kennurum og starfsfólki skólans og að auki eru foreldrar alltaf velkomnir á fundi.

Í umhverfisnefnd Leikskólans Strandheima skólaárin 2020-2021 áttu sæti:

Sjöfn Þórarinsdóttir verkefnastjóri

Vigdís Jónsdóttir deildarstjóri á Merkisteini í Brimveri

Sólrún Ósk Kristinsdóttir aðstoðarleikskólakennari í Æskukoti

Allir nemendur í elsta árgangi – 2015:

Alexander Magni Óskarsson

Andreas Sichero Ægisson

Bartłomiej Wojciech Drozd

Egill Pétur Jóhannsson

Emma Rós Andradóttir

Eygerður Patience B. Erlingsson

Fannís Embla Erlingsdóttir

Gunnbjörn Kári Gunnarsson

Írena Sif F. Hreggviðsdóttir

Katrín Ísabella Hugadóttir

Lotta Þorbrá Ingadóttir

Ólafur Martin Jónsson á Kósini

Vincent Dreki Jóhannsson Kingan

Í umhverfisnefnd Leikskólans Strandheima skólaárin 2021-2022 áttu sæti:

Katrín Vilhjálmisdóttir verkefnastjóri

Vigdís Jónsdóttir deildarstjóri á Merkisteini í Brimveri

Sólrún Ósk Kristinsdóttir aðstoðarleikskólakennari í Æskukoti

Allir nemendur í elsta árgangi – 2016

Anastasía Líf S. Blanco

Anna Kristín Óskarsdóttir

Arney Ýr Hrólfsdóttir

Áróra Sif Júlíusdóttir
Elsa Bryndís Jónsdóttir
Hafrós Ýrr Hjaltadóttir
Liljar Gísli Valdimarsson
Rebekka Liv Ágústadóttir
Tristan Freyr Guðmundsson
Þórarinn Hjalti Ágústsson

Mat á stöðu umhverfismála

Á fundum umhverfisnefndar á tímabilinu var farið reglulega, einu sinni á önn, yfir umhverfisgátlista fyrir skóla á grænni grein. Verkefnastjóri ásamt kennurum og nemendum í umhverfisnefndinni rýndu í og mátu stöðu umhverfismála í leikskólanum. Nemendurnir tóku virkan þátt í yfirferðum og voru sjálfsörugg í svörum varðandi stöðuna. Mjög vel gekk að svara spurningum umhverfisgátlistanna.

Við mat á stöðunni kom fram að nemendur og starfsmenn eru allir sammála um að hægt er að gera betur en nú en að við værum þó að standa okkur mjög vel.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Ljóst er að betur má gera í Grænfanaverkefninu í Strandheimum og eru það ýmsir þættir sem koma saman að því að verkefnið hefur ekki farið á flug síðustu tvo vetur þó margt hafi verið vel unnið. Helstu ástæðuna fyrir að ekki hefur gengið betur teljum við vera heimsfaraldur Covid-19 sem svo sannarlega hefur sett strik í reikninginn um allan heim. Að auki hefur eldri deild Brimvers á Eyrarbakka verið í húsnæðishrakningum frá áramótum þar sem unnið var að breytingum á deildinni. Í rúman tvo og hálfan mánuð var Merkisteinn því til húsa í útistofum BES á Eyrarbakka. Nýttu starfsmenn og nemendur umhverfið út í ystu æsar og þá sérstaklega fjöruna sem var aðeins í nokkurra metra fjarlægð.

Leikskólinn hefur haldið því starfi í anda *Skóla á grænni grein* áfram sem fest hafa sig í sessi í gegnum árin, s.s. að flokka ruslið, minnka matarsóun, velja umhverfisvænni kosti og hvetja til hreyfingar og virks ferðamáta. Minni samgangur milli starfsstöðva hefur haft áhrif á fundahald og upplýsingaflæði milli starfsstöðvanna.

Ráðinn hefur verið leikskólakennari í Strandheima sem hefja mun störf að loknu sumarleyfi í ágúst 2022. Mun hún taka að sér verkefnastjórn Grænfánaverkefnisins sem og Heilsueflandi leikskóla og fara á milli allra deilda leikskólans. Með þessu er aðalmarkmiðið að stuðla að auknu upplýsingaflæði milli allra í leikskólanum varðandi verkefni Grænfánans og Heilsueflandi leikskóla og styðja við gróskumikið starf í anda þeirra.

Annar liður í að efla starfið er að endurvekja samstarf við BES í hvaða mynd sem það verður og mögulega að elstu nemendur leikskólans hittist einu sinni í mánuði í Æskukoti og/eða í Brimveri. Enn eru þessar hugmyndir aðeins hugmyndir en verða ræddar og ákvarðanir teknar í samstarfi starfsfólks Strandheima, foreldra ásamt starfsfólki BES á haustmánuðum.

Á haustmánuðum mun nýr verkefnastjóri fara yfir stöðuna og ákveða næstu skref. Verður þá sett fram ný áætlun um aðgerðir og markmið.

Mögulegar áherslur eru: Aukið útinám, meðal annars með tilkomu aðstöðu til útikennslu við hesthúsahverfið á Eyrarbakka (hreysti og hreyfing, umhverfismennt, ræktun), sköpun úr verðlausu efni (endurvinnsla), umhverfis dagar (í tengslum við Dag náttúrunnar og að vori), sjálfbærni og fleira.

Í okkar huga er engin endastöð til staðar í Grænfánastarfinu því alltaf eru að opnast möguleikar til vaxtar. Því lítum við svo á að við séum í raun rétt að byrja og hlökkum við til að halda áfram í ferlinu. Ánægjulegt er að báðar starfsstöðvar leikskólans séu að vinna að þessu verkefni saman. Margar nýjar hugmyndir hafa komið fram sem við viljum vinna með inn í framtíðina og eins er margt sem við viljum vinna með áfram og gera betur. Við sjáum mikla möguleika og mörg tækifæri hér í Strandheimum til að efla okkur á sviði umhverfismenntar og lýðheilsu. Við stefnum að því að vinna áfram með *átthaga og landslag* og *vatnið*. Við ætlum að nýta umhverfi okkar og náttúru hér við ströndina ennþá meira til lærdóms og leiks. Okkar sýn er að verkefni, hugmyndir og markmið okkar

varðandi Grænfánaverkefnið séu lifandi plagg sem nemendur, kennarar, foreldrar og skólasamfélagið allt getur haft áhrif á.

Eftirlit og endurmat

Eftirlit og endurmat er í höndum umhverfisnefndar. Reglulega á að fara yfir markmiðssetningareyðublaðið og aðgerðaráætlun og meta hvort markmiðum hafi verið náð og hvaða skref eru næst í aðgerðaráætluninni.

Á hverjum fundi umhverfisnefndar er rifjað upp hvað fjallað var um á fyrri fundum, komið með hugmyndir að umbótum og rætt almennt um starf okkar í umhverfisnefndinni. Því má segja að ákveðið eftirlit og endurmat eigi sér stað á öllum fundum umhverfisnefndar. Eins og áður hefur komið fram eru umhverfisgáttlistar yfirfarnir reglulega í umhverfisnefndinni og nú síðast vorið 2022.

Þekking starfsfólks á Grænfánaverkefninu sem og áhugi þeirra auðveldar okkur að unnið sé að reglulegu eftirliti og endurmati í daglegu starfi þar sem stöðugt er leitað leiða til að gera betur og bæta við verkefnið.

Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá

Aðalnámskrá leikskóla (2011) er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru hafðir að leiðarljósi við námsefnisgerðina. Þessir grunnþættir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Snúast grunnþættirnir um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru og eiga þannig að styðja við andlega og líkamlega uppbyggingu barna og ungmenna svo þau eflist í að vinna með öðrum og að bjarga sér í samfélaginu. Er þeim einnig ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði sem og að auka samfellu í öllu skólastarfi (Aðalnámskrá leikskóla 2011:14). Sérstaklega má taka fram að Grænfánaverkefnið snertir grunnþáttinn: Lýðræði og mannréttindi með því að hvetja nemendur til þátttöku og efla með þeim virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Grænfánaverkefnið fellur einnig vel að grunnþættinum: Heilbrigði og velferð þar sem: „Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis“ (Aðalnámskrá leikskóla 2011:15).

Ef rýnt er í námssvið leikskólans sem eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning má sjá að vinna í anda *Skóla á grænni grein* má tengja við þau öll.

Sjálfbærni og vísindi eiga að gefa nemendum kost á að rannsaka umhverfi sitt, náttúrulegt sem og manngert, á sem fjölbreyttastan máta og byggja á þann hátt upp þekkingu og skilning. Virðingu þeirra fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi ber að efla, hver þeirra áhrif eru á umhverfið og öfugt. Hringrásir og önnur fyrirbæri náttúrunnar eru því mikilvæg rannsóknarefni. Menntun til sjálfbærni byggir upp hæfni í að takast á við ýmis viðfangsefni er lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahagsþróunar samfélags. Felur hugtakið í sér að við skilum umhverfinu til næstu kynslóðar í sama ástandi eða a.m.k. ekki í verra ástandi en við tókum við því auk þess sem við reynum að uppfylla þarfir okkar án þess að skerða möguleika næstu kynslóða til að uppfylla sínum þörfum (Aðalnámskrá leikskóla 2011:17).

Námssviðið sköpun og menningu má auðveldlega samtvinna við sjálfbærni og vísindi til dæmis í vinnu með umhverfismennt, með því að nýta verðlausan efnivið, úrgang eða náttúruna, til sköpunar ýmiskonar t.d. í myndlist eða tónlist. Nemendur hafa unnið með sköpun í gegnum leik, tjáningu, myndlist og frásagnir í Grænfánastarfinu. Læsi og samskipti má jafnframt efla með vinnu í anda *Skóla á grænni grein* og efla læsi á umhverfið og náttúruna, árstíðirnar og þær breytingar sem eiga sér stað eftir því hvaða árstíð er og þær hringrásir sem umlykja okkur eflist þegar umhverfið og náttúran eru könnuð. Læsi í samskiptum og líðan eflist í lýðræðislegum vinnubrögðum sem í hávegum eru höfð í starfi leikskólans.

Verkefni vetrarins: Átthagar og landslag – Vatn

Í tengslum við þemu tímabilsins hafa verið unnin ýmis spennandi verkefni og eru markmið og leiðir að þeim talin upp hér að neðan.

Markmið:

- ♥ Mikilvægi þess að spara vatnið eins og við getum
- ♥ Að þekkja vatnshringrásina
- ♥ Hvernig umgengni okkar við náttúru og umhverfi hefur áhrif á jörðina okkar
- ♥ Að nemendur fái að kynna nærumhverfi leikskólans
- ♥ Að nemendur fræðist um fólk, staði og atburði sem tengjast þorpinu

Leiðir:

- ♥ Börnin eru frædd um vatnið og öll þau form sem það kemur í
- ♥ Börnin fræðast um vatnshringrásina
- ♥ Börnin fræðast um hvernig vatnið var sótt í gamla daga og fóru að skoða brunna hér á Eyrarbakka
- ♥ Börnin eru frædd um náttúru og umhverfi og þær leiðir sem hægt er að fara til þess að varðveita og vernda landið, haf og loft
- ♥ Kort, bækur, myndir og annað efni lesið og skoðað með börnunum, einnig er það tiltækt og sýnilegt fyrir börnin
- ♥ Farið er í gönguferðir og söfn og staðir heimsóttir
- ♥ Með því að fræða foreldra og börn um umhverfisvernd er verið að reyna að fá sem flesta til liðs við okkur til að vernda umhverfið
- ♥ Með því að gefa börnum gott fordæmi og leyfa þeim að taka virkan þátt í umhverfisverndarstarfinu er verið að kenna þeim umhverfisvæna lífshætti sem hafa áhrif á heilbrigði og velferð

Tilraunir með vatn og salt

Byrjað er á að frysta vatn í klakamóti. Að því loknu eru ísmolarnir teknir úr mótinu, stráð yfir þá salti og band lagt ofan á þá. Ef tilraunin gengur upp á bandið að festast við klakann og í þessari tilraun gekk það upp eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



Brunnar

Börnin fóru í vettvangsferð um nærumhverfi sitt til að skoða brunna. Þau fundu þrjá brunna og fræddust um hlutverk þeirra og þróun aðgengismála að vatni í gegnum tíðina. Ekkert barnanna sagðist hafa brunn í garðinum sínum heldur rennandi vatn í krönum innanhúss.



Veður

Börnin fylgdust með úrkomu yfir nokkrar vikur og skráðu hana niður og var útbúið súlurit með niðurstöðum þeirra athugana. Sjá má á meðfylgjandi mynd hver úrkoma á Eyrarbakka var vikuna 12.-16. apríl 2022.



Kynning á stefnunni

Hvert haust er haldin kynning fyrir foreldra á stefnu leikskólans, vetrarstarfinu, hópaskiptingu ásamt fleiri áherslum leikskólans. Þar er verkefnið *Skóli á grænni grein* einnig kynnt sem og markmiðin með þátttöku skólans í því. Gott tækifæri er þá til að bjóða foreldrum að gefa kost á sér í umhverfisnefndina og/eða til að koma með hugmyndir fyrir starfið.

Á heimasíðu leikskólans: www.strondin.arborg.is er kynning á stefnu leikskólans, meðal annars á Grænfánastarfinu. Gott væri að nýta þá síðu til að setja inn stutt ágríp af hverju verkefni sem unnið er í tengslum við þemun sem í gangi eru.

Verkefnastjórar hafa sent fréttabréf á foreldra í leikskólanum, þó ekki reglulega.

Umhverfissáttmálinn

Umhverfissáttmáli Leikskólans Strandheima hefur það að markmiði að börn og starfsfólk læri að vernda og bera virðingu fyrir heilsu sinni, náttúrunni og umhverfi.

Með umhverfismennt viljum við hugsa vel um heilsu okkar, náttúru og umhverfi, ganga vel um leikskólann, fara vel með efnivið, nýta það sem við getum og skila öðru í endurvinnslu. Við viljum læra um heilsu og heilbrigði, náttúru og umhverfi og hafa jákvæð áhrif á aðra. Á þennan hátt getum við haft jákvæð áhrif á að þeir sem á eftir okkur koma, njóti þess í leik og starfi sem jörðin hefur upp á að bjóða og stuðlað að heilbrigði og vellíðan. Við erum minnug þess að: „Við fengum jörðina ekki í arf frá forfeðrum okkar, við höfum hana að láni frá börnum okkar“ (máltæki frá Keníu).

Umhverfissáttmáli Leikskólans Strandheima

Stefnan hér í leikskólanum er sem segir hér:

Göngum vel um náttúruna,
virðum bæði tré og runna.
Svo dýr og börn á jörðinni
geti lengi leikið sér.

Matur, hreyfing skiptir máli, fyrir okkur öll.

Hoppum, hlaupum, klifrum.
Borðum matinn, biðjum
að gæfa og gleði fylgi okkur
framtíðin er BJÖRT!

Lag: Gamli Nói

Texti: Ásgerður Tinna Jónsdóttir

Lokaorð

Að mörgu hefur verið unnið síðustu misseri til að bæta stöðu Strandheima í umhverfismálum. Síðast liðnir tveir vetur hafa því miður ekki verið okkur hliðhollir í Grænfánaverkefninu en við horfum bjartsýnum augum til framtíðar og stefnum að því að efla Grænfánastarfið samhliða innleiðingu á verkefninu Heilsueflandi leikskóli og höfum fulla trú á að úr verði gróskumikið og fallett starf sem við vonumst til að geta tengt við samfélagið okkar.

Við höfum hlotið Grænfánanna fimm sinnum síðustu 12 árin og vonum innilega að sumarið 2022 muni Grænfánanum verða flaggað í sjötta sinn í leikskólanum við ströndina, og í fyrsta skipti undir nýju nafni, nafninu Leikskólinn Strandheimar.

Fylgiskjal I - Sýnishorn af fundargerðum

Umhverfisnefnd Leikskólans Strandheima

1. fundur skólaársins 2020-2021, haldinn þann 11. desember 2020 kl.10:00-10:30 á Teams.

Mættir eru: Sjöfn verkefnastjóri, Vigdís deildarstjóri Merkisteins á Brimveri, Sólrún aðstoðarleikskólakennari Æskukoti ásamt öllum nemendum í 2015 árgangi leikskólans.

Efni fundarins:

1. Þemu misserins kynnt – áttthagar og vatn
2. Rætt um hringrás vatns, vatnsskort, hvernig aðrar þjóðir nálgast vatn
3. Rætt um okkar nánasta umhverfi, náttúru og samfélagið sem tilheyrir okkar heimabyggð
4. Rætt um:
 - a. Hvernig við getum sparað vatn
 - b. Hvað vatnið getur breyst í mörg form
 - c. Hringrás vatns
 - d. Hverjir þurfa á vatni að halda
 - e. Hvenær og við hvaða aðstæður maður þurfi á vatni að halda
 - f. Hvort við erum dugleg að vera úti í náttúrunni
 - g. Hvaða áhrif lífstíll okkar hefur á umhverfið
 - h. Hvað er að finna í nærumhverfi skólans
 - i. Hvaða stofnanir og fyrirtæki er að finna í nágrenninu
 - j. Hvar við búum og hvernig við komumst í skólann
 - k. Hvort við getum haft samband við fólkið sem býr og starfar í kringum skólann
 - l. Hvort við getum kennt þeim eitthvað eða lært eitthvað af þeim
 - m. Hvernig landslagið hefur myndast
 - n. Hvernig landslagið tengist sögunni
 - o. Hvaða örnefni eru í nærumhverfinu

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:30.